

Forseti landsdóms
Ingibjörg Benediksdóttir
Dómhúsi Hæstaréttar v/Arnarhól
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2010

Varðar: Skipun verjanda vegna málshöfðunarákvörðunar Alþingis frá 28. sept. sl.

Með bréfi yðar dags. 30. september sl. var mér sem ákærðum tilkynnt um ákvörðun Alþingis um málshöfðun á hendur mér og fylgdi bréfi yðar eftirrit af þingsályktun Alþingis í samræmi við 14. gr. laga nr. 3/1963 um landsdóm.

Í 1. málslíð 15. gr. laga um landsdóm segir orðrétt:

„Forseti landsdóms skipar ákærðum svo fljótt sem verða má verjanda úr hópi hæstaréttarlögmannna, og skal við val á verjanda farið eftir ósk ákærða, ef ekkert mælir henni í móti.“

Ég tel að nú þegar hafi orðið óhæfilegur dráttur á því að mér sé skipaður verjandi í samræmi við þessa lagagrein án þess að mér hafi verið gerð grein fyrir ástæðum þess. Augljóst er að ég hef verulega hagsmuni af því að lögmaður minn fái þegar formlega stöðu verjanda svo hann geti hafið gagnaöflun og fylgst með öllu, er fram kemur í málinu, sbr. 17 grein laga um landsdóm.

Með vísan til ofangreinds tilkynnist yður hér með að ég óska eftir því að Andri Árnason, hæstaréttarlögmaður, verði skipaður verjandi minn vegna ályktunar Alþingis um málshöfðun á hendur mér og krefst ég þess að skipunin fari fram án frekari tafar.

Rétt er að taka fram, þrátt fyrir framangreint, að athygli forseta Alþingis hefur verið vakin á því að líta beri svo á að ályktun Alþingis um málshöfðun frá 28. september sl. hafi vegna ákvæðis 52. gr. laga nr. 55/1991 um þingsköp Alþingis fallið niður við lok 138. löggjafarþings. Áskil ég mér allan rétt í því sambandi.

Virðingarfyllst,